

**Nd.** **380. Frumvarp til laga** [217. mál]  
um breytingu á jarðalögum nr. 65 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

Gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarféлага og til almennrar útivistar, ef sóst er eftir landi í því skyni.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Óski stéttarfélag eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í janúarmánuði 1981 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða ábúðar- og jarðalög „með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaga.“

Nefndin kynnti sér eftir föngum hvernig hagsmunir stéttarféлага varðandi forræði á landi utan þéttbýlis væru skertir, þannig að þörf væri af þeim ástæðum að breyta jarðalögum.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að gera þær breytingartillögur, sem felast í frumvarpi þessu og eru þess efnis að sérstakt tillit verði tekið til þarfa stéttarféлага fyrir land til útilífsnota og undir orlofshús vegna félagsmanna.

Um 1. gr.

Í 5. gr. jarðalaga eru talin upp verkefni jarðanefnda. Í 2. tölulíð er jarðanefndum auk fyrri verkefna ætlað að gera tillögur um úthlutun lands undir orlofshús stéttarféлага.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli. Þó að meginstefnan sé, að land sem nýtt er til landbúnaðar megi aðeins taka úr landbúnaðarnotum að fengnu samþykki ráðherra, jarðanefndar og Landnáms ríkisins, getur viðkomandi jarðanefnd heimilað not landbúnaðarlands undir orlofshús stéttarféлага.